- VIII. Að ábyrgjast lán fyrir allt að 3 milljónum króna til að fullgera hraðfrystihús, sem hefur verið ætlað stofnlán úr stofnlánadeild sjávarútvegsins, en ekki hafa fengið þessi lán vegna fjárskorts stofnlánadeildarinnar.
- IX. Að veita útvegs mönnum, er sildveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi sumurin 1948 og 1949, eftirgjöf að nokkru eða öllu leyti á aðstoðarlánum þeim, sem Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. veittu nefnd sumur með ábyrgð ríkissjóðs, svo og sjóveðskröfum frá sildarvertíð sumarið 1949, sem ríkissjóður kann að greiða samkvæmt heimild í fjárlögum fyrir 1950. Skilyrði fyrir þessari eftirgjöf eru þau sömu og um ræðir í 14. gr. laga nr. 100/1948.
- X. Að kaupa af Búnaðarfélagi Íslands tilraunastöðina Sámsstaði í Fljótshlíð, ef samningar takast um verð og greiðsluskilmála.
- XI. Að taka allt að 1½ millj. kr. lán fyrir raforkusjóð til raforkuframkvæmda.
- XII. Að taka allt að 1 millj. króna lán erlendis til byggingar varðskips.
- XIII. Að kaupa húseignina Laufásveg 7 í Reykjavík, ef hún fæst með viðunandi verði og greiðsluskilmálum, í því skyni að láta tónlistarskólánunum í té ókeypis húsnæði fyrir starfsemi sína.
- XIV. Að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjármálaráðherra, þar til sett verða lög um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur.

23. gr.

Á árinu 1951 skal greiða sérstakar uppbætur á laun starfsmanna ríkisins sem hér segir:

Á laun samkvæmt	I.—III. flokki	launalaga	10 %
— — —	IV.	— —	12 —
— — —	V.—IX.	— —	15 —
— — —	X.—XV.	— —	17 —

enda skal lágmarksvinnutími samkv. 1. gr. I. reglugerðar nr. 45 1946 og 2. gr. d. reglugerðar nr. 136 1945 vera, á sama tíma, 38½ klukkustund á viku.

Á árinu 1951 skal greiða 15% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 14 400 kr. hverjum einstökum lífeyris- eða eftirlaunaþega.

Ríkissjóður greiðir helming uppbótarinnar á lífeyri, en hlutaðeigandi lífeyris-sjóður hinn helminginn.

#### 24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1950 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Þess ber að gæta við samanburð á launaliðum í þessu frumvarpi og fjárlögum ársins 1950, að uppsetningu launaliða er gerbreytt. Í samræmi við ákvæði l. nr. 22/1950 um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., eru grunnlaun og hin eldri verðlagsuppbót færð í einu lagi sem grunnlaun og að auki er bætt við þann lið þeim launauppbótum, sem gert er ráð fyrir í 23. gr. frumvarpsins. Í síðustu fjárlögum var launauppbótin hins vegar færð í einu lagi á 19. gr. Í þessu frumvarpi er alls staðar reiknað með 15% verðlagsuppbót á laun, nema á laun fyrir nefndarstörf og hliðstæð aukastörf. Á þau laun hefur hvorki verið greidd launauppbót né verðlagsuppbót, skv. gengisskráningarlögum.

#### Um 2. gr.

1. Álagður tekju- og eignarskattur, ásamt tekjuskattsviðauka, nemur í ár ca. 46 millj. kr. og má ætla samkvæmt venju, að þessar tekjur verði eftir breytingar yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar ca. 42 millj. kr. Síðan verða einhver innheimtuvatnahlönd, og er því tæplega hægt að gera ráð fyrir, að þessi tekjuliður standist áætlun árið 1950, en hann er áætlaður í fjárlögum 40 millj. kr. Eftir öllum fregnum að dæma af afkomu verzlunarfyrirtækja, iðnfyrirtækja og útgerðarfyrirtækja og miðað við almennar ástæður, verður að gera ráð fyrir, að tekju- og eignarskatturinn verði lægri á næsta ári, og þykir ekki fært að áætla þenna tekjulið hærri en 35 millj. kr.

2. Stríðsgróðaskatturinn reyndist álagður 3.3 millj. kr., og er það lægra en í fyrra og lægra en áætlað var í fjárlögum yfirstandandi árs, og þykir ekki mögulegt að áætla hann meira á næsta ári en 2.5 millj. alls og hluta ríkissjóðs 1 250 000 kr.

3. Vörumagnstollurinn reyndist 25 millj. árið 1949. Á fjárlögum yfirstandandi árs er hann áætlaður 21 millj., og þykir hæpið, að hann nái þeirri tölu. Sýnist ekki skynsamlegt að áætla hann hærri næsta ár en 20 millj. kr., en er þá að visu gert ráð fyrir 20% lækkun á þessum tekjulið frá því, sem var árið 1949.

4. Verðtollur, ásamt söluskatti, eru stærstu tekjuliðir ríkissjóðs, og byggist verðtollurinn að öllu leyti á því, hvað verðmæti innflutningsins verður mikið og tekjur af söluskatti að mestu leyti einnig á því. Skiptir miklu máli, að vel takist um áætlun á þessum liðum. Innheimtur verðtollur árið 1949 var 57 millj. kr. Við gengisbreytinguna gerbreyttist grundvöllurinn að verðtollinum, þannig að sama innflutningsmagn gaf miklu hærri toll, en þó ber þess að gæta, að viðaukinn var lækkaður úr 65% niður í 45%, þegar genginu var breytt. Samt sem áður er það svo, að jafn mikill innflutningur og varð 1949, ætti að gefa yfir 90 millj. kr. í verðtoll. Í gildandi fjárlögum er verðtollurinn áætlaður 78 millj. kr. Er það byggt á innflutningsáætlun Fjárhagsráðs og gert ráð fyrir nokkru minni innflutningi en varð 1949 og síðan tekið ríflega tillit til þess, að  $\frac{1}{4}$  ársins var liðinn áður en gengisbreytingin varð og innflutningsverð hækkaði. Þótti þetta ekki óvarlega metið, þegar fjárlögin voru sett í vor.

Vegna togarastöðvunarinnar, sildveiðibrestsins, sem varð nær alger, og verðfalls og söluerfiðleika á fiski, er ekki hægt að gera ráð fyrir, að þessi áætlun standist.

Fjárhagsráð hefur endurskoðað innflutningsáætlun sína fyrir yfirstandandi ár, og í ljósi þeirra upplýsinga, sem þar koma fram, og með tilliti til þess, að gera verður ráð fyrir því, að innflutningur á næsta ári geti ekki orðið meiri en í ár, þá þykir ekki rétt að áætla þenna lið hærri en 73 millj. kr. á næsta ári, og er þá miðað við sem næst 20% lækkun á innflutningi frá því, sem var árið 1949.

5. Innflutningsgjald af benzíni er sett jafnhátt og það er í gildandi fjárlögum, 9.5 millj. kr., og þykjast menn sjá, að það muni standast.

6. Gjald af innlendum tollvörutegundum er áætlað 6.5 millj. kr., og sýnist það vera varlega áætlað, þar sem tekjur af þessu gjaldi reyndust 8.4 millj. 1949. Að visu sýnist nokkur lækkun ætla að verða á þessu ári frá því, en ekki svo mikil að ástæða virðist til þess að breyta áætluninni.

7. og 8. Fasteignaskattur og lestagjald af skipum er áætlað eins og í gildandi fjárlögum.

9. Bifreiðaskattur var áætlaður í fjárlagafrumvarpinu, sem lagt var fyrir þingið í fyrra, 4.5 millj. Mun það hafa verið af einhverri vangá, því ekki sýndist ástæða til þess að reikna með svo háum tekjum. Þetta var leiðrétt og lækkað um 1 millj. kr., en miðað við reynsluna sýnist ekki ástæða til að áætla þenna skatt hærri en 3 millj. kr.

10. Aukatekjur. Þessi liður hefur farið talsvert fram úr áætlun, og sýnist ætla að gera það enn og virðist því ekki ástæða til að áætla hann minni en 2.3 millj., sem er hálfri millj. kr. hærra en í gildandi fjárlögum.

11.—14. Þessir liðir eru allir teknir upp óbreyttir, þar sem reynslan staðfestir áætlunina.

15. Veitingaskattur. Þenna tekjulið finnst mönnum ekki varlegt að áætla hærri en 2.5 millj. kr.

16. Útflutningsleyfisgjald er áætlað jafn hátt og í gildandi fjárlögum.

17. Söluskattur. Eins og menn vita, er söluskatturinn í rauninni greindur í tvennt. Annars vegar þann skatt, sem lagður er á við innflutning vörunnar og hugsaður er sem heildsöluskattur, og hins vegar þann, sem lagður er á vörusölu verzlana, iðnfyrirtækja o. s. frv. Sá hluti skattsins, sem reiknaður er af innflutningnum beint, sýnist vera, miðað við reynsluna af álagningu og innheimtu, ekki fjarri  $\frac{3}{5}$  af skattinum, og er í þessari áætlun, sem samtals nemur 50 millj. kr., áætlaður 30 millj. Er það sem næst hliðstæð tala og byggð á sömu forsendum og verðtollsáætlunin. Er þá hinn hlutinn áætlaður sem næst 20 millj. kr., og er þá miðað við reynsluna en reiknað með nokkuð hærri umsetningu í krónutölu, því að hækkun vegna gengisbreytingar kemur fram á næsta ári, en lítið á þessu.

Rétt er að taka það fram í sambandi við þenna skatt, að hann er mjög erfiður í innheimtu, og ráðuneytinu virðist alls ekki viðhlítandi það fyrirkomulag, sem nú er búið við. Mun það leggja fyrir þingið tillögum um að breyta fyrirkomulagi á álagningu og innheimtu þessa skatts.

18. Leyfisgjöld. Þessi gjöld eru áætluð 3.5 millj. kr. fyrir yfirstandandi ár, og sýnist það muni standast, en á næsta ári verða þau mun minni. Þessi gjöld eru lögð á leyfi fyrir gjaldeyri til ferðalaga og á innflutningsleyfi fyrir bifreiðum og enn fremur er undir þessum lið skattur af sölu bifreiða innanlands. Þykir ekki rétt eða varlegt að áætla þenna lið hærri en 1.7 millj. kr. á næsta ári. Nokkrar tekjur voru af bifreiðaleyfum fyrst á þessu ári, á meðan gefin voru út leyfi fyrir bílum, víst aðallega út á hinn svo kallaða sjómannagjaldeyri. Síðan snemma á þessu ári hafa engin bílaleyfi verið gefin út, og þá að sjálfsögðu þessar tekjur fallið niður. Eru ekki horfur á, að nein bílaleyfi verði gefin út á næstunni, og hefur það mest áhrif til lækkunar á þenna tekjustofn.

Samkvæmt 2. gr. eru tollar og skattar áætlaðir samtals 211 800 000, en í gild-

andi fjárlögum eru þeir áætlaðir 223 900.00. Er því um talsverða lækkun að ræða, enda þótt aðflutningsgjöldin, sem miðuð eru við vöruverð, ættu að jöfnum ástæðum að verða mun hærrí á því ári en áður, vegna þess að það er fyrsta heila árið, sem hið nýja hækkaða innflutningsvöruverð vegna gengislækkunarinnar gildir allt árið. Þessi tekjuáætlun er því byggð á lægra grunni en sú, sem er í gildandi fjárlögum. Að fenginni reynslu af þeim samdrætti, sem er í öllum viðskiptum, og miðað við horfur, telur ráðuneytið ekki fært, að gera ráð fyrir meiri tekjum á næsta ári en hér er gert.

#### Um 3. gr.

1. Pósturinn hefur verið rekinn með tapi undanfarin ár. Í því trausti að hallinn verði jafnaður, er gert ráð fyrir, að tekjur og gjöld standist á.

2. Landssiminn. Farið hefur verið að mestu leyti eftir tillögum póst- og síma- málastjórnarinnar. Framlag til notendasíma í sveitum hefur verið hækkað um 400 þús. kr., vegna þess hve þörfin er brýn í því efni. Tekjuafgangur er áætlaður sá sami og póst- og símanálastjórnin áætlar, og er hann mun riflegri en er í gildandi fjárlögum. Yfirleitt virðist afkoma Landssímans á yfirstandandi ári ætla að verða mun betri en gert var ráð fyrir í vor, þegar gengið var frá fjárlögunum.

3. Áfengisverzlun ríkisins. Hagnaður Áfengisverzlunar ríkisins var í fyrra 52.3 millj. kr. Það er ekki gott að segja um hagnaðinn á þessu ári, en það sem af er árinu, er hann nokkru meiri en í fyrra, enda var nokkuð hækkað verð á áfengi. Of snemmt er samt sem áður að slá nokkru föstu um niðurstöðu ársins, en samt sýnist augljóst, að tekjurnar fari eitthvað fram úr áætlun, sem er 48.4 millj. kr. Samt sem áður þykir alls ekki fært að áætla á næsta ári hærrí nettótekjur af þessari verzlun en 44 millj.

Í þetta sinn er gengið þannig frá áætlun Áfengisverzlunarinnar, og einnig Tóbakseinkasölunnar, að það er tekinn inn í fjárlögin aðeins áætlaður hagnaður, en ekki sundurliðun um reksturinn. Þetta er gert vegna þess, að fjármálaráðherra mun leggja fyrir Alþingi frumvarp um að sameina þessi fyrirtæki í eitt fyrirtæki, og verði það samþykkt, breytist reksturinn svo mjög á næsta ári, að ekki er eðlilegt að gera áætlun um hann í sama horfi og áður.

4. Tóbakseinkasala ríkisins. Hagnaður af Tóbakseinkasölu varð 26.9 millj. kr. á árinu 1949. Nettóhagnaður hennar á þessu ári er nokkuð drýgri en í fyrra. Sýnist ekki óvarlegt að áætla tekjur af þessari verzlun 22 millj. kr., og er það gert í þessu frumvarpi.

5. Rekstraráætlun útvarpsins er tekin í frumvarpið eins og hún kom frá menntamálaráðuneytinu.

Til athugunar er framtíð Trésmiðju ríkisins, hvort seld verði eða rekin áfram. Áætlun fyrir hana er því ekki tekin í frv., a. m. k. ekki að svo stöddu.

Um olíuflutningskipið „Þyri“ vísast til athugasemda um 13. gr. B.

Rekstraráætlanir Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg, Áburðareinkasölu ríkisins, Grænmetisverzlunar ríkisins, Landssmiðjunnar, Tunnuverksmiðju ríkisins, Innkaupastofnunar ríkisins og ríkisbúsins á Bessastöðum, eru teknir í frumvarpið eins og viðkomandi ráðuneyti hafa gengið frá þeim.

#### Um 7. gr.

Vextir og afborganir af föstum lánum 1951 sundurliðast þannig:

##### I. Innlend lán:

Vextir:	Afborganir:	
(7. gr. 1)	(20. gr. út, I,1,a)	
Kr.	Kr.	
520.00	2 600.00	Lán vegna kaupa á Reykjatorfu.
250.68	4 177.87	Lán vegna kaupa á húseigninni „Gimli“.
321.75	5 850.00	Lán vegna kaupa á húseigninni Austurstræti 20, Rvík.

6 998.75	8 483.28	Lán vegna kaupa á fasteignum á Eyrarbakka og Stokkseyri.
23 375.00	42 500.00	Innanríkislán 1938.
832.00	3 466.72	Lán vegna kaupa á Amtmannsstíg 1.
1 569.51	5 231.65	Lán vegna kaupa á Kaldaðarnestorfu.
44 299.63	70 450.00	Innanríkislán 1940.
288 000.00	400 000.00	Innanríkislán 1941.
19 300.00	580 000.00	Innanríkislán 1944.
131 250.00	450 000.00	Innanríkislán 1944.
675.00	15 000.00	Lán vegna kaupa á landeignum í Hveragerði.
150 000.00	1 000 000.00	Lán til styrktar síldarútveginum 1947.
234 000.00	1 910 000.00	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna framlags til Alþjóðabanka og gjaldeyrissjóðs.
20 000.00	800 000.00	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands vegna laga um landnáam, nýbyggðir o. fl.
5 500.00	50 000.00	Lán vegna embættisbústaðar sakadómara í Reykjavík.
82 315.20	374 160.00	Af eignakönnunarbréfum.
8 400.00	30 000.00	Lán hjá Helga Tryggvasyni vegna kaupa á blaðsafni.
3 663.00	24 420.00	Lán vegna kaupa á búi Kvenfélagsins Hringurinn í Kópavogi.
750 000.00		Happdrættislán A-flokkur.
750 000.00		Happdrættislán B-flokkur.
916 000.00	7 630 000.00	Fiskábyrgðir.
396 000.00	400 000.00	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna Skipaútgerðar ríkisins o. fl. (L. 90/1945.)
10 000.00	200 000.00	Lán hjá byggingarsjóði ríkisútvarpsins vegna byggingarkostnaðar á Keldum.
100 000.00	1 000 000.00	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins.
66 000.00	300 000.00	Lán til greiðslu á skuld síldarverksmiðja ríkisins við Eimskipafélag Íslands vegna síldarflutninga veturinn 1947—1948.
4 375.00	87 500.00	Lán vegna flutnings á tilraunastöðinni á Hafursá til Skriðuklausturs.
110 640.00	429 385.00	Lán til byggingar landshafnar í Keflavík og Njarðvíkum.
85 050.00	610 000.00	Lán til byggingar þjóðminjasafnshúss.
20 000.00	100 000.00	Lán vegna Landssímans, sbr. fjárl. 1949, 22. gr. XXIII.
8 125.00	115 000.00	Lán vegna kaupa á bæjarfógetabústað í Keflavík.
5 000.00	50 000.00	Lán vegna sýslumannsbústaðar í Vík í Mýrdal.
33 600.00	84 000.00	Lán vegna afurðatjónsbóta bænda milli Héraðsvatna og Blöndu, er slátruðu fé sínu haustið 1949.
13 750.00	10 000.00	Vegna eignarnáms á Egilsstaðalandi (ræktunarland fyrir þorpið).
175 000.00		Afurðatjónsbætur vegna fjárskipta bænda milli Héraðsvatna og Miðfjarðar 1948, skuldabréfalán 1950.
309 750.00	2 600 000.00	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna skuldaskipta frá 1949.
	1 500 000.00	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands til þriggja ára vegna lána og framlags í sambandi við óþurrkana 1950.
4 774 560.52	20 892 224.59	

## II. Erlend lán:

Vextir: (7. gr. 2)	Afborganir: (20. gr. út, I,1,b)	
Kr.	Kr.	
2 663.19	4 836.81	Forsørgelsesforeningen Bicuben, København, (til Vífilstaðahælis 1909).
25 706.43	104 293.57	Statsanstalten for Livsforsikring, København, (til veðdeildarbréfakaupa).
7 300.84	26 007.16	Det Forenede Danske Livsforsikringsaktieselskab „Hafnia“, København, 1927.
43 300.28	86 113.72	Det Forenede Danske Livsforsikringsaktieselskab „Hafnia“, København, 1927.
43 300.28	86 113.72	Dansk Folkeforsikringsanstalt, København 1927.
<hr/>		
122 271.02	307 364.98	danskar krónur eða
288 926.42	726 303.44	íslenskar krónur.

Á frumvarpi til fjárlaga 1950 var gert ráð fyrir vaxtagreiðslu af láni 1948 hjá Export-Import Bank, Washington, til kaupa á síldarvinnslutækjum o. fl.; samkvæmt samningi, er gerður var, eftir að fjárlögin 1950 voru samin, ber lán þetta ekki vexti fyrir en frá og með 30. júní 1952, og falla því vaxtagreiðslur niður til þess tíma.

Greiðslur vegna landshafnar í Keflavík og Njarðvíkum hafa lækkað allverulega frá fyrri áætlun, þar sem nú fyrst er unnt að gera sér grein fyrir greiðslugetu hafnarinnar sjálftrar.

Hækkun vaxta og afborgana af erlendum lánnum stafar eingöngu af gengislækkuninni.

Lækkun á lausaskuldavöxtum stafar af því, að við vaxtaútreikning af lausaskuld ríkisins í Landsbankanum verður inneign mótvirðissjóðs tekin til greina á móti.

### Um 8. gr.

Tillögur forsætisráðuneytisins hafa verið teknar óbreyttar í frumvarpið.

Sú breyting verður á greininni frá síðustu fjárlögum, að kostnaðurinn er sundurliðaður, og Fálkaorðan flutt á 10. gr., sem sérstakur kostnaðarliður við forsætisráðuneytið. Er þetta gert til samræmingar.

### Um 9. gr.

Alþingiskostnaður er áætlaður í samræmi við það, sem hann varð árið 1949.

### Um 10. gr.

I. *Stjórnarráðið*. Nokkrar tilfærslur á starfsfólki hafa orðið milli atvinnumálaráðuneytisins, dómsmálaráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins, og breytast launagreiðslur ráðuneytanna í samræmi við það. Sjúkramáladeild og örkumla hefur verið lögð niður, en störf hennar lögð undir félagsmálaráðuneytið. Færast starfsmenn hennar úr atvinnumálaráðuneytinu og yfir til félagsmálaráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins. Fækkað hefur verið um einn fulltrúa í utanríkisráðuneytinu, og ákveðið hefur verið að fækka um einn fulltrúa í félagsmálaráðuneytinu og einn ritara í utanríkisráðuneytinu. Þá verður einnig fækkað um einn fulltrúa í viðskiptamálaráðuneytinu. Vegna mikilla anna í endurskoðunardeildinni var í ársbyrjun ráðinn þangað nýr fulltrúi. Nokkrar breytingar eru á launum vegna aldurshækkana. Annar kostnaður við stjórnarráðið er áætlaður óbreyttur frá núgildandi fjárlögum.

II. *Hagstofan*. Grunnlaun hækka um tæpar þúsund krónur vegna aldurshækkana. Vegna verðhækkunar hækkar prentun hagskýrslna um 10 000 kr. og húsaleiga,

ljós og hiti um 10 000 kr., að talsverðu leyti vegna viðbótarhúsnaðis fyrir skýrslu-gerðarvélar. Prentun eyðublaða lækkar aftur á móti um 5 þús. kr., þar eð prentun manntalseyðublaða er lokið. Liðurinn „Annar kostnaður“ hækkar um 50 000 kr. vegna vélaleigu, sem greiða þarf í dollurum, en láðist að hækka í þessa árs fjárlögum í samræmi við gengislækkunina.

III. Fylgt hefur verið nær alveg tillögum utanríkisráðuneytisins. Risna og staðaruppbót er nú fært með laununum, enda eðlilegt, þar sem hér er um raunverulega launagreiðslu að ræða.

1. Lækkar um 1 700 kr. vegna ofreiknaðra launa í nógildandi fjárlögum.
  2. Laun óbreytt, en annar kostnaður hækkar um 12 000 kr., sem einkum stafar af hækkun húsaleigu, ljóss og hita.
  3. Laun hækka um 26 400 kr., aðallega vegna launauppbótar til sendiherra, en annar kostnaður lækkar um 6 100 kr. Heildarhækkun verður 20 300 kr.
  4. Hækkar um 700 kr., aðallega vegna smáanisreiknings við gengisbreytinguna. Þar sem ríkisstjórnin mun leggja til, að sendiráðið í Moskva verði lagt niður, er ekki áætluð nein fjárveiting til þess.
  5. Kostnaður við sendiráðið í París hækkar um 199 300 kr. Stafar þessi mikla hækkun af því, að starfsmönnum þessa sendiráðs eru greidd laun í dollurum, en þegar síðasta fjárhagsáætlun fyrir sendiráðið var samin, hafði láðst að reikna með fyrri gengislækkun krónunnar gagnvart dollar. Þá hafa laun sendiráðunauts einnig verið hækkuð um 30 000 kr., vegna húsaleigukostnaðar.
  6. Laun lækka um 1 800 kr. vegna leiðréttingar. Annar kostnaður hækkar um 3 000 kr., aðallega vegna hækkaðrar húsaleigu. Hækkun alls 4.800 kr.
  7. Laun lækka um 8 200 kr. vegna minni aðkeyptrar vinnu. Annar kostnaður er áætlaður 10 300 kr. hærri en í ár, aðallega vegna hækkunar húsaleigu. Hækkun alls 2 100 kr.
  8. Hækkar um 2 700 kr.
- Aðrir liðir eru áætlaðir óbreyttir. 15. liður í nógildandi fjárlögum, 150 000 kr., fellur niður.

#### Um 11. gr. A.

1. Grunnlaun óbreytt. Útgáfukostnaður hæstaréttardóma hækkar um 5 000 kr. vegna verðhækkunar á pappír og prentun.
  2. Grunnlaun óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 3 000 kr.
  3. Grunnlaun óbreytt. Húsnaði, ljós, hiti og ræsting hækkar um 1 000 kr. vegna hækkaðrar húsaleigu.
  4. Tekin eru nú í fjárlög laun fulltrúa, sem fer með umferðarmál, en hann var ráðinn fyrir síðustu áramót. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækka um 5 500 kr. Annar kostnaður hækkar um 10 200 kr. Ráðgert er að fækka um eina bifreið við embættið og sparast við það um 20 000 kr.
  5. Grunnlaun óbreytt. Aukavinna hækkar um 2 500 kr. og er það mikil lækkun frá tillögu lögreglustjóra. Ljós, hiti ræsting og húskostnaður hækkar um rúmar 10 000 kr. vegna launahækkana og aukins viðhaldskostnaðar. Annar kostnaður lækkar um 17 000 kr.
  6. a. Grunnlaun hækka lítið eitt vegna aldurshækkana og einnig þess, að bæjarfógeti er nú kominn í stað lögreglustjóra í Keflavík.
  - b. Dómsmálaráðuneytið telur ógerlegt að áætla skrifstofukostnaðinn lægri en hér er gert, og er það í samræmi við reynslu síðustu ára. Er þessi áætlun aðeins lítið hærri en í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1949, en þá var áætlunin lækkuð verulega í meðferð þingsins og sú tala aftur tekin óbreytt í nógildandi fjárlög. Ráðuneytið telur þýðingarlaust að áætla þenna kostnað mun lægri en hann raunverulega er, þótt það telji mjög æskilegt, að hægt væri að draga úr honum.
- Athugað hefur verið nokkuð, hversu mikill hluti af störfum sýslumanna- og bæjarfógetaembættanna sé í þágu almannatrygginganna. Mun það að meðaltali vera



um 25—30%. Í samræmi við það þykir sanngjarnt, að hluti Tryggingastofnunar ríkisins af skrifstofukostnaði hækki um 300 000 kr.

7. Laun hreppstjóra hækka sem nemur uppbótum.

8. Grunnlaun hækka sem nemur launum tveggja nýrra lögreglumanna. Aðrir liðir hækka einnig nokkuð vegna aukins kostnaðar, einkum einkennisfatnaður. Tekinn er sem sérliður fæðisstyrkur lögreglumanna á Keflavíkurflugvelli, 73 200 kr. Hefur þessi styrkur verið greiddur undanfarin ár, vegna hins mjög háa fæðis-kostnaðar á Keflavíkurflugvelli. Þess ber að gæta í sambandi við þessi útgjöld, að 30% skattur til ríkissjóðs er lagður á alla fæðissölu til Íslendinga í hóteli Kefla-víkurflugvallar.

Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík er of lágt áætlaður í nágildandi fjárlögum.

9. Kostnaður við landhelgisgæzlu hækkar um 400 000 kr. Gert er ráð fyrir, að hið nýja varðskip, sem er í smíðum í Danmörku, verði tekið í notkun á síðari hluta næsta árs.

10. a. Grunnlaun óbreytt, en annar kostnaður hækkar allmikið vegna þess, að fangelsisrýmið hefur stækkuð um þriðjung við brottflutning Hæstaréttar.

b. Grunnlaun óbreytt, en önnur gjöld hækka nokkuð, vegna verðhækkunar á matvörum o. fl. Tekjur lækka um 5 000 kr.

c. Hækkun 4 000 kr. Ekki þykir ástæða til að sundurliða kostnaðinn.

d. Óbreytt.

14. Þessi liður varð um 100 000 kr. árið 1949, en er áætlaður hér 70 000 kr.

15. Til viðgerða á bæjarfógetahúsinu í Neskaupstað vegna skemmda af skriðu-hlaupi eru veittar 100 000 kr. á nágildandi fjárlögum. Sú fjárhæð mun ekki nægja, og er lagt til, að 50 000 kr. verði veittar til viðbótar.

16. Launauppbót eða verðlagsuppbót verður ekki greidd á laun dómara í fé-lagsdómi.

#### Um 11. gr. B.

1. Grunnlaun óbreytt og einnig annar kostnaður. Áætlað er, að tekjur verði jafnar gjöldum.

2. Grunnlaun hækka lítið eitt vegna aldurshækkana, og ferðakostnaður hækkar um 5000 kr. Tekjur eru áætlaðar jafnar gjöldum.

3. Dregið er úr útgjöldum frá tillögum stofnunarinnar, og dómsmálaráðuneytisins í því trausti, að hægt sé að draga úr kostnaðinum. Dómsmálaráðuneytið hefur tilkynnt, að það hafi nú ákveðið að segja upp einum bifreiðaeftirlitsmanni.

Tekjur eru áætlaðar jafnar gjöldum. Ákveðið hefur verið að hækka skoðunar-gjöld bifreiða úr 60 kr. í 80 kr., og ætti sú hækkun að auka tekjurnar allverulega.

4. Grunnlaun óbreytt. Annar kostnaður hækkar lítið eitt, en er lækkaður veru-lega frá tillögum atvinnumálaráðuneytisins. Tekjuáætlun hækkar um 27 000 kr. vegna fyrirhugaðrar 40% hækkunar á gjaldskrá.

5. Ákveðið hefur verið að fækka um einn starfsmann og í trausti þess, að unnt reynist að fækka um tvo, lækka grunnlaun sem því nemur. Aðrir kostnaðarliðir óbreyttir frá nágildandi fjárlögum. Tekjur þykir ekki fært að hækka neitt að ráði, að óbreyttum skipulagsgjöldum, og verður því rekstrarhalli 17 509. kr.

6. Við matvælaeftirlitið fækkar um einn starfsmann. Tekjur eru áætlaðar jafnar gjöldum.

7. Kostnaður við fiskmatið hefur verið of lágt áætlaður í nágildandi fjárlögum, og verður því um óumflýjanlega umframgreiðslu að ræða á þessu ári. Grunnlaun eru óbreytt, en annar kostnaður hækkar. Veittar eru 15 000 kr. til námskeiða fisk-matsmanna, sem ráð er fyrir gert í lögum um fiskmat. Ferðakostnaður fiskmats-manna er nú færður sérstaklega.

Kostnaður við annað afurðamat hækkar aðeins sem nemur launauppbótum.

8.—9. Óbreytt. Vísitöluuppbót ekki greidd.

10. Grunnlaun óbreytt.

11. Óbreytt. Vísitöluuppbót ekki greidd.

13. Hluti ríkissjóðs af kostnaði við húsaleigunefndir er nú færður ósundurliðaður. Hann er lækkaður um  $\frac{1}{3}$  með það fyrir augum, að greiðsla til nefndanna og annar kostnaður verði lækkaður.

Ekki er enn vitað, hvers kostnaðar má vænta af eftirliti með gjaldeyrisverzlun og verðlagi á næsta ári, því að nú er verið að framkvæma breytingar á þessu eftirliti. Fullvíst má telja, að kostnaður verði ekki meiri en leyfisgjöldin. Er því þeim lið sleppt að svo stöddu.

#### Um 11. gr. C.

I. Grunnlaun hækka vegna aldurshækkana um rúmar 10 000.00. Aftur á móti lækka launin sem svarar launum tveggja skatttrítara. Húsnæði, ljós og hiti hækkar um 10 000.00 og annar kostnaður um 10 000.00. Er það þó 45 000 kr. lægra en í áætlun tollstjóra.

b. Grunnlaun hækka lítið eitt vegna aldurshækkana. Húsaleiga, ljós og hiti og annar kostnaður við tollgæzluna í Reykjavík hækkar um 30 000 kr. og er það 40 000 kr. lægra en í áætlun tollstjóra.

II. a. Launauppbót ekki greidd á laun ríkisskattanefndar. Annar kostnaður óbreyttur.

b. Fækkað hefur verið um einn ritara í skattstofunni í Reykjavík. Kostnaðar-áætlun skattstofunnar hefur verið mikið lækkuð. Er þessi lækking gerð með hliðsjón af því, að greiddur verði af stóreignaskatti kostnaður við álagningu hans.

c. Hækkun um 50 000 kr. vegna launauppbóta.

d. Óbreytt.

e. Hækkar um 50 000 kr. með hliðsjón af reynslu ársins 1949.

Ákveðið hefur verið að leggja niður embætti skattdómara, og fellur því sá liður niður.

#### Um 11. gr. D.

Vegna hækkunar á burðargjöldum, símagjöldum og pappírs- og prentkostnaði er óumflýjanlegt að hækka þessa liði um samtals 200 000 kr.

#### Um 12. gr.

II. Laun lækka sem nemur launum héraðslæknis í Reykjavík, en það embætti hefur nú verið lagt niður.

IV. Fylgt hefur verið að mestu tillögum stjórnar ríkisspítalanna, en ýmsir gjaldaliðir þó lækkaðir allmikið. Er enn um allverulega gjaldahækkun að ræða, vegna hækkandi verðlags. Nokkrar breytingar hafa orðið samkv. samningum frá 1949 til hækkunar á launakjörum sumra lækna, einkum við Landsspítalann, en á móti fellur niður fastur árlegur utanfararstyrkur þeirra. Í tillögum stjórnar ríkisspítalanna er gert ráð fyrir nýjum vélgæzlumanni við Kleppsspítala, starfsmanni við næturvakt á Kleppjárnsreykjahæli og tveimur gangastúlkum í Kristneshæli. Á þessa fjölgun starfsfólks vill ráðuneytið ekki fallast, og er því áætlun viðkomandi sjúkrahúsa lækkuð sem þessu nemur.

Tekið er inn sem nýr liður 70 þús. kr. fjárveiting til drykkjumannahælis á Úlfarsá, sem gert er ráð fyrir, að taki til starfa á næstunni.

V. Útgjöld vegna lögboðinna framlaga til berklasjúklinga eru áætluð í samræmi við tillögur félagsmálaráðuneytisins.

VI. Sama um þenna lið.

Aðrir liðir greinarinnar eru áætlaðir óbreyttir frá nágildandi fjárlögum.

XXII., XXIII. og XXV. liður nágildandi fjárlaga, samtals 85 000 kr., falla niður.

#### Um 13. gr. A.

Farið er að mestu leyti eftir tillögum vegamálastjóra.

I. Grunnlaun hækka um 8 400 kr. vegna aldurshækkana. Annar kostnaður er

óbreyttur, en ferðakostnaður hækkar um 50 000 kr. vegna hækkunar á fæði og gistingu. Rétt þykir, að mælinga- og ferðakostnaður verkfræðinga færist að einhverju leyti á framkvæmdir, sem unnið er við, einkum þær stærri, og er því tekinn upp tekjuliður, 250 000 kr., með hliðsjón af þessu.

II. Vegamálastjóri leggur til, að 7.5 millj. kr. sé varið til nýrra akvega, en ekki þykir fært að leggja til, að sú fjárveiting verði hærri en 7 millj. kr.

Til viðhalds er áætlað að verja sömu fjárhæð og í ár, 12.8 millj. kr., og er það 700 000 kr. lægra en tillaga vegamálastjóra.

III. Tekjur úr brúarsjóði til umráða 1950 eru taldar muni verða um 1.1 millj. kr., en áætlaðar 1.8 millj. á næsta ári. Með hliðsjón af þessu er lækkað framlag til brúargerða um 500 000 kr. frá núgildandi fjárlögum, og er það í samræmi við tillögur vegamálastjóra.

IV.—X. Óbreytt.

IX. Lagt til, að þessi liður lækki um 20 000 kr.

XI. Rétt þykir að fallast á að hækka liðinn um 4 000 kr., til þess að hægt verði að greiða nokkra uppbót

XIII. Þessi liður varð 418 000 kr. 1949, og þar sem gera má ráð fyrir eigi minni kaupgreiðslum á næsta ári, er liðurinn áætlaður 420 000 kr.

Um 13. gr. B.

I. Fylgt hefur verið að mestu leyti tillögum forstjóra Skipaútgerðarinnar, enda virðast þær hóflegar. Gerðar verða ráðstafanir til þess að afnema þann mikla halla, sem verið hefur á vöruafgreiðslunni.

Oliuflutningaskipið „Þyrill“ hefur verið afhent Skipaútgerðinni til fullra umráða, og er því talið með í þessari rekstraráætlun, en fellt niður af 3. gr.

Viðhald og endurbætur skipa og vörur til véla og skipa hefur verið lækkað um 200 000 kr. frá tillögum forstjóra Skipaútgerðarinnar og tekjuáætlunin hækkuð um 100 000 kr. Verður hallinn því 1 782 000, eða 518 000 kr. minni en í núgildandi fjárlögum, þegar „Þyrill“ er með talinn.

II. Lagt er til að framlag til flóabáta verði 750 000 kr. og er það 208 000 kr. lægra en í núgildandi fjárlögum.

III. Liður núgildandi fjárlaga fellur niður, þar eð áætlunarbifreiðar pósthjórinnar hafa verið seldar. Hefur verið tap á þeim rekstri undanfarið, þótt eigi væri áætlað fyrir því í fjárlögum.

III. Tillögur forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins eru teknar að mestu óbreyttar, enda lækkar heldur halli sá, sem talið er þurfa að greiða úr sérleyfissjóði.

Samkvæmt tillögu forsætisráðuneytisins er tekin upp 30 000 kr. fjárveiting til umbóta við Geysi í Haukadal.

Um 13. gr. C.

Bætt er við einum verkfræðingi, þar eð vitamálastjóri tekur nú aftur við störfum, og hækka því launagreiðslur samkvæmt því. Hins vegar er gert ráð fyrir, að af launum verkfræðinga færist á hafnir 200 000 kr. í stað 155 492 sem vitamálastjórnin leggur til, þannig að launagreiðslur hækka aðeins í samræmi við þá launahækkun, er Alþingi gerði ráð fyrir í þessa árs fjárlögum, og væntanlegri visitöluhækkun. Af sömu ástæðu hækka laun vitavarda um tæp 100 þús. kr.

Þá er lagt til, að til lendingarbóta og hafnargerða verði varið 3 750 000 kr., sem er tæpum 750 þús. kr. minna en í núgildandi fjárlögum. Til hafnarbótasjóðs er áætlað 500 þús. kr.

Framlag til ferjuhafna er fellt niður.

Um 13. gr. D.

Fylgt er í öllum meginatriðum tillögum flugráðs með breytingum flugmálaráðuneytisins.

I. Launagreiðslur lækka sem nemur launum flugmálastjóra, en það embætti hefur verið ákveðið að leggja niður. Endurgreiðsla frá alþjóðaflugmálastofnuninni er nú færð sérstaklega til frádráttar, en í nágildandi fjárlögum eru gjaldaliðir vegna stjórnar og skrifstofukostnaðar færðir nettó.

II. Annar kostnaður hækkar um 94 700 kr. vegna hækkaðs verðs á ljósi, hita o. fl. Um verulega lækkun er þó að ræða frá tillögum flugráðs.

III. Annar kostnaður er áætlaður 90 000 kr. Hefur sú liður sýnilega verið of lágt áætlaður í nágildandi fjárlögum. Tillaga flugráðs er allmiklu hærri.

IV. Til skýringa eru nú sundurliðaðar greiðslur vegna annarra flugvalla. Á þenna lið færist nú engin þátttaka í kostnaði á öðrum liðum.

V.—XIII. Eðlilegt þykir að færa saman í einn lið útgjöld vegna alþjóða flugþjónustunnar. Framlag til ICAO hækkar sem nemur gengisbreytingunni. Vegna fjölgunar nema, sem þjálfaðir eru í flugvallastörfum, hækkar sá liður um 75 000 kr. Ýmsir aðrir liðir breytast lítið eitt.

Tekjur eru áætlaðar um þriðjung hærri en í nágildandi fjárlögum. Er þetta gert með hliðsjón af reynslu þessa árs.

#### Um 14. gr. A.

1. Óbreytt, nema eðlileg launaviðbót.

II. Laun sóknarpresta og prófasta eru nú færð í einu lagi. Áætlun biskupsskrifstofunnar er alltof lág, miðað við hinar raunverulegu launagreiðslur til presta og prófasta. Grunnlaun hækka allverulega frá nágildandi fjárlögum, og stafar sú hækkan af því, að ekki mun þar vera reiknað með lögboðnu framlagi til prestakallasjóðs, en hér er það með talið þannig, að áætlað er, að öllum prestaköllum sé þjónað. Greiðsla til prestakallasjóðs nemur í ár 108 000 kr.

Frá heildarlaunaupphæðinni hefur svo verið dregin nokkur fjárhæð með hliðsjón af því, að lagt mun verða fram stjórnarfrumvarp um sameiningu nokkurra prestakalla.

Til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestsetrum mun óumflýjanlegt að verja 50 000 kr. herra en á nágildandi fjárlögum.

Sanngjarnt verður að teljast að greiða nokkra uppbót á eftirlaunaviðbót uppjafapresta og prestsekkna, og er því sá liður áætlaður 45 000 kr.

V. Nýr liður, sem rétt þykir að taka sérstaklega í fjárlög, en húsaleigan hefur orðið þessi síðustu árin.

Aðrir liðir óbreyttir. VIII. liður í nágildandi fjárlögum fellur niður.

#### Um 14. gr. B.

Fylgt er að mestu leyti tillögum menntamálaráðuneytisins.

I. Föst laun hafa hækkað um 14 000 kr. vegna tveggja aukakennara. Hiti, ljós og ræsting lækka um 12 000 kr. vegna sparnaðar í ræstingu. Kostnaður við stundakennslu hækkar vegna launauppbótar. Kostnaður Háskólans af rannsóknarstofu í líffæra- og lífeðlisfræði, sem í nágildandi fjárlögum er 26 000 kr., fellur niður. Önnur gjöld eru áætluð 140 000 kr., og er það 40 000 kr. lægra en í tillögum háskóla- rektors. Bætt er við nýjum lið, til kaupa á eðlisfræðilegum tækjum, samkvæmt ósk menntamálaráðuneytisins.

Annar kostnaður við Keldur hækkar um 6 000 kr., en tekjur hækka um 16 000 kr.

II. a-liður hækkar um 25 000 kr., en b-liður lækkar um sömu upphæð. Aðrir liðir, samtals 290 500 kr., falla niður.

III. Grunnlaun lækka um 9 200 kr. Annar kostnaður hækkar um 5 000 kr.

IV. Laun hliðstæð og á nágildandi fjárlögum. Hiti, ljós og ræsting hækka um 10 000 kr. Vegna efnisskorts seinkar heildaraðgerð á skólahúsinu. Er því hægt að lækka fjárveitinguna til viðhalds húsa og áhalda um 250 000 kr. Annar kostnaður lækkar um 10 000 kr., en til prófdómara hækkar um 4 000. Lagt er til að verja 3 000 kr. til námsferða, og mun sá styrkur hafa verið greiddur að undanfögnu.

V. Grunnlaun hækka um laun eins fastakennara. Hiti, ljós og ræsting hækka um 30 000 kr. vegna nýja heimavistarhússins. Tekin er upp sama fjárveiting til námsferða og við M. R. Aðrir liðir óbreyttir.

VI. Grunnlaun óbreytt. Hiti, ljós og ræsting hækka um 5 000 kr. og viðhald um 5 000 kr. vegna verðlagshækkunar.

VII. Áætlað svipað og á núgildandi fjárlögum. Niður er þó felld fjárveiting til námskeiða utan Reykjavíkur, 40 000 kr. í þessa árs fjárlögum, þar eð skólastjóri telur ekki ástæðu til að halda slík námskeið á næstunni vegna mjög lítils áhuga og þátttöku í þeim tveimur námskeiðum, sem haldin hafa verið síðustu 5 árin.

VIII. Hækkar um 7 000 kr., auk launauppbóta.

IX. Útgjöld hækka samtals um 23 000 kr., en tekjur um 14 000 kr. Rekstrarhalli eykst því um 9 000 kr.

X. 1. Grunnlaun óbreytt. Hiti, ljós og ræsting hækka um 5 000 kr. og til viðhalds húsa um 5 000 kr. Til byggingar votheysturna, 48 000 kr. fellur niður, en í staðinn kemur 20 000 kr. fjárveiting til vélaverkstæðis, sem mikil nauðsyn er að koma upp.

2. Gert er ráð fyrir óbreyttu kennaraliði og sama kostnaði vð framhaldsnám. Til viðgerðar á fjósi staðarins eru áætlaðar 70 000 kr., og mun þó tæplega hrökkva til að ljúka verkinu, sem mun kosta yfir 700 000 kr. Lagt er til, að veittar verði 50 000 kr. til raforkuframkvæmda.

3. Grunnlaun óbreytt. Til kennsluáhalda er lækkað um 5 000 kr., en til viðhalds skólahúsa hækkar um 5 000 kr. Til raforkuframkvæmda lækkar um 20 400 kr.

XI. Óbreytt.

XII. Sama styrkuppþæð á hvern nemanda og í núgildandi fjárlögum.

XIII. Grunnlaun fastakennara hækka um 100 000 kr. vegna óumflýjanlegrar fjölgunar kennara skv. lögum.

Aukakennsla lækkar um 20 000 kr.

Fækkað verður um einn námsstjóra barnafræðslunnar a. m. k., og lækka launin, sem því nemur.

Framkvæmd sundskyldu hækkar verulega vegna fjölgunar sundnáms-barna og eðlilegrar launahækkunar.

Styrkur til barnaskólabygginga er veittur jafn hár og á núgildandi fjárlögum, en tillaga fræðslumálastjóra er 5 millj. kr.

Akstur skólabarna hækkar um 20 000 kr.

XIV. 1. Grunnlaun óbreytt. Ljós, hiti og ræsting hækkar um 15 000 kr., enda nýtt húsrými tekið í notkun. Annar kostnaður hækkar um 5 000 kr.

2. Grunnlaun kennara gagnfræðastigsins hækka um 400 000 kr. Er gert ráð fyrir, að fjölga þurfi föstum kennurum um 20. Þar sem þessi fjölgun dregur allmikið úr stundakennslu, er stundakennslustyrkurinn lækkaður um 200 000 kr.

Ráðuneytið getur ekki fallizt á að fjölga námsstjórum gagnfræðaskólastigsins, og eru því aðeins tekin í frv. laun eins námsstjóra.

Til útgáfu námsbóka lækkar um 15 000 kr.

XV. Óbreytt, nema launahækkanir vegna uppbóta og 3. liður í núgildandi fjárlögum, 22 000 kr., fellur niður og fjárveiting til útgáfu námsbóka lækkar um 5 000 kr.

XVI. Annar kostnaður við íþróttakennaraskólann lækkar um 2 500 kr., en grunnlaun eru óbreytt.

Íþróttafulltrúi telur fjárbörf íþróttasjóðs vera 915 000 kr. á næsta ári, en lagt er til, að veittar verði 500 000 kr., eins og í ár.

Aðrir liðir hækka um 12 000 kr. auk launahækkana vegna uppbóta, en niður falla 9.—12. liður í núgildandi fjárlögum, samtals 49 000 kr.

XVII. Nokkur lækkun verður á grunnlaunum, þar eð stundakennsla, 16 000 kr., fellur nú niður. Fæðiskostnaður hækkar um 12 000, en annar kostnaður lækkar um 3 600 kr.

XVIII.—XXV. óbreytt.

XXVI.—XXVII. liður í nágildandi fjárlögum, kr. 7 200, falla niður.

XXVI. Rannsóknir þessar eru nú að komast á lokastig. Einn aðstoðarmaður hefur unnið þetta ár og í fyrra með dr. Matthíasi Jónassyni, án þess laun hans hafi verið tekin í fjárlög. Er nú áætlað fyrir launum hans. Annar kostnaður lækkar um 17 100 kr.

XXVIII. óbreytt.

#### Um 15. gr. A.

Fylgt hefur verið tillögum menntamálaráðuneytisins.

I. Liðirnir til bóka-, tímarita- og handritakaupa og til bókbands eru nú sameinaðir og hækka um 79 000 kr., aðallega vegna launahækkana og annars aukins kostnaður á bókbandsvinnustofu safnsins. Aftur á móti er 6. og 7. liður lækkaður um 15 000 kr. Grunnlaun við safnið sjálf er óbreytt.

II. Grunnlaun óbreytt. Felld er niður fjárveiting til að ljósmynda handrit o. fl., 15 000 kr.

III. Grunnlaun óbreytt. Aðrir liðir hækka um 20 000 kr., en niður falla 3 000 kr. til endurbóta á Borgarvirki.

IV. Grunnlaun óbreytt. Önnur gjöld áætluð óbreytt frá nágildandi fjárlögum.

V.—XVI. liður eru að mestu óbreyttir frá nágildandi fjárlögum, nema hvað beinar launagreiðslur til safnvarða hækka eftir almennum reglum. Þá eru styrkir til bókaútgáfu og ritstarfa og til skálda, rithöfunda og listamanna færðir í einu lagi í stað grunnstyrks og verðlagsuppbótar og eru án hinnar nýju verðlagsuppbótar. Felldar eru niður 25 000 kr. til að þýða rit Jóns Dúasonar á ensku, en styrkur til íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn hækkaður um 1 000 kr. og styrkur til Ara Arnalds um 1 500 kr.

VIII. 22. Tekinn er upp nýr liður til endurskoðunar dansk-íslenzkrar orða-bókar 15 000 kr.

XVII. Þar sem þjóðleikhúsið er nú tekið til starfa og leikskóli í sambandi við það, þykir ástæðulaust að veita sérstakan styrk til leikskóla eða til Leikfélags Reykjavíkur. Til þess að bæta leikfélögum utan Reykjavíkur dálítið upp hina góðu aðstöðu, sem þjóðleikhúsið hefur skapað leikmennt í höfuðborginni, er lagt til, að styrkur til leikfélaga þeirra, sem talin eru í 1.—10. lið hækki um 50% frá nágildandi fjárlögum.

XVIII.—XXVI. Felldir eru niður nokkrir námsstyrkir, þar eð ekki er kunnugt, hversu ástætt er með nám þess fólks. Lokið er greiðslum til Guðjóns Samúelssonar og fellur því sá liður niður. Einnig er lagt til, að framlag til umbóta á Þingvöllum lækki um 20 000 kr. Lokið er greiðslu framlags til minnismerkis Jóns Arasonar í Skálholti, og fellur því sá liður niður.

#### Um 15. gr. B.

I. 1. Bætt hefur verið við aðstoðarstúlku í iðnaðardeild, án samþykkis ráðuneytisins. Launaáællun deildarinnar hefur verið lækkuð sem þessu nemur, þar eð ráðuneytið getur ekki fallið á þessa ráðstöfun. Annar kostnaður er áætlaður 4 800 kr. hærri en í nágildandi fjárlögum. Tekjuáætlunin lækkar um 40 000 kr., aðallega vegna aukinna gerlarannsóknna.

2. Grunnlaun lækka um 6 000 kr. vegna mannskípta. Annar kostnaður óbreyttur.

3. Í tillögum rannsóknaráðs er gert ráð fyrir nýrri starfstúlku og fóðurjurtafræðingi, sem ráðuneytið vill ekki fallast á. Er launaáætlun deildarinnar lækkuð sem því nemur. Annar kostnaður óbreyttur.

Áætlað er, að annar kostnaður við fjárræktarbúið á Hesti lækki um 13 000 kr., en tekjur svipaðar og í ár. Tilraunastöðin á Úlfarsá er flutt að Varmá. Ekki hefur þótt fært að taka upp fjárveitingu til bygginga þar í þetta sinn. Annar kostnaður er lækkaður um 29 000 kr., og tekjuliðinn þykir ekki fært að áætla meira en 5 000 kr. Landbúnaðarráðuneytið hefur ákveðið að leggja niður tilraunabúið í Engey, og er því ekki nein fjárveiting til þess.

Óumflýjanlegt mun vera að halda áfram vítamínrannsóknum á lýsi. Sá kostnaður hefur til þessa verið greiddur af fjörefnasjóði, en hann er nú þrotinn.

4. Sameiginlegur kostnaður hækkar um 105 500 kr., auk launa, en tekjur á móti hækka um 25 000 kr. — Laun lækka sem nemur launum húsvardar, en hans starf verður lagt niður. Tekinn er sem nýr liður 100 000 kr. til kaupa á rannsóknartækjum.

II. Laun hækka sem nemur hálfum launum forstöðumanns. Skv. samningum frá 1949 er utanfararstyrkur hans felldur niður, en hann hafði ekki áður sérstök laun fyrir þetta starf. Aðstoðarstúlku hefur verið bætt við í áætlun rannsóknarstofunnar, en ráðuneytið getur ekki fallið á þá aukningu starfsfólks og hefur því lækkað áætlunina, sem þeim launum nemur. Annar kostnaður hækkar í hlutfalli við kostnað sjúkrahúsanna. Tekjur hækka um 136 500 kr. R. H. rannsóknir, 60 000 kr., er nýr tekjuliður.

III. Verðlagsuppbót er ekki greidd á laun rannsóknaráðsins sjálfs. Lagt er til, að 30 000 kr. verði varið til málmleitar og biksteinsrannsókna.

IV. Veruleg lækkun hefur verið gerð á kostnaðaráætlun veðurstofustjóra. Ekki þykir gerlegt að samþykkja ráðningu nýs veðurfræðings við millilandaflug, nema ICAO greiði laun hans. Felld er niður fjárveiting til verkstæðis, 25 000 kr., og annar kostnaður almennu veðurþjónustunnar lækkaður um rúmar 8 000 kr., en tekinn sem sérliður tillag til WMO. Húsaleiga hækkar allmikið vegna nýs og aukins húsnæðis. Mest hækkun, eða 77 000 kr., verður á þjónustu landssímans og ríkisútvarpsins, vegna taxtahækkunar landsímans.

VII. Annar kostnaður við sjómælingar hækkar um 35 000 kr. vegna aukins kostnaðar við sjómælingaskipið.

VIII. Fækkað hefur verið um einn arkitekt á skrifstofu húsameistara og ákveðið að fækka um annan vegna minnkandi starfa. Lækka því grunnlaunin um 57 600 kr. Eðlilegt þykir að færa nokkuð af kostnaði við skrifstofuna á hin ýmsu verk, sem unnin eru. Er sá tekjuliður áætlaður 100 000 kr.

IX. Framlag til mótvirðissjóðs vegna tæknilegrar aðstoðar er áætlað sama og í núgildandi fjárlögum. Er í undirbúningi að notfæra þessa aðstoð á ýmsum sviðum, og hafa þeir sérfræðingar, sem komið hafa á þessu ári, unnið mikið gagn.

#### Um 16. gr. A.

1. Framlag til Búnaðarfélags Íslands er áætlað 200 000 kr. hærra en í núgildandi fjárlögum vegna aukinna útgjalda félagsins til launa.

4. Gjöld samkv. jarðræktarlögum eru flokkuð nokkuð á annan veg en í núgildandi fjárlögum og skipulegar með hliðsjón af jarðræktarlögum. Þessi gjöld eru áætluð í samræmi við útreikninga Búnaðarfélags Íslands og hækka samtals um 85 000 kr.

5. Þessum útgjöldum var áður blandað saman við gjöld samkv. jarðræktarlögum, en eðlilegra að hafa þau í sérlið. Áætlunin er 150 000 kr. lægri en í núgildandi fjárlögum.

7. Þessi liður hækkar um 89 550 kr. frá núgildandi fjárlögum. Stafar hækkunin mest af f-lið, sem er nýr.

9. Nýr liður. Tilraunaráði búfjárræktar er ekki ætlað neitt fé í núgildandi fjárlögum, en einhver kostnaður við starfsemi þess er óumflýjanlegur. Framlagið er áætlað 60 þús. kr. lægra en í tillögum Búnaðarfélagsins.

10. Þenna lið þykir ekki verða komið hjá að hækka um 110 000 kr.

Felldir hafa verið niður liðirnir 9 og 13—16 í núgildandi fjárlögum, samtals að upphæð 202 000 kr. Samkvæmt tillögum landbúnaðarráðuneytisins eru áætluð sömu framlög til fyrirhleðslu Þverár og Markarfljóts og Héraðsvatna og í núgildandi fjárlögum.

14. Nýr liður. Unnið hefur verið fyrir þessa fjárhæð, og er hér leitað fjárlagaheimildar fyrir greiðslunni.

16. Sandgræðslan. Áætluð fjárveiting hækkar um 118 075 kr. frá núgildandi

fjárlögum. Þykir ekki verða hjá því komizt að hækka framlagið til sandgræðslustöðva um 75 000 kr. og 25 000 kr. til sandgræðslugirðinga, þar sem hér er um mjög mikilvæga starfsemi að ræða. Mikil lækking er þó frá tillögum sandgræðslustjóra.

17. Skógræktin. Þótt mikil nauðsyn sé að efla skógræktina sem mest, hefur ráðuneytið ekki talið auðið að fallast á áætlun skógræktarstjóra, án mikillar lækkunar. Laun hækka vegna nýs skógarvarðar í Skagafirði. Með skrifstofukostnaði eru talin laun skrifstofumanns. Til skógræktarfélaga er hækkað um 60 000 kr. og framlag til skógræktar um 80 000 kr., til þess að unnt sé að greiða gamla skuld, sem hvílir á skógræktinni.

18. Lækkað um 100 000 kr. frá nógildandi fjárlögum.

20. Ákveðið hefur verið að leggja til við Alþingi, að embætti veiðimálastjóra verði lagt niður. Einhver kostnaður hlýtur þó að verða vegna þessarar starfsemi. Lækkunin er 58 660 kr. frá nógildandi fjárlögum.

Þá mun einnig verða lagt til, að starf loðdýraræktarráðunauts verði lagt niður, og er hér því engin fjárveiting ætluð til loðdýraræktar.

22. Þenna lið þykir óvarlegt að áætla minna en 90 000 kr.

23. Gert er ráð fyrir tveim dýralæknum í viðbót, og hækka launagreiðslur í samræmi við það. Enn fremur er gert ráð fyrir, að héruð, sem ekki hafa dýralækni, verði styrkt til að halda slíkan mann, svo sem ráðgert er í 13. gr. laga um dýralækna frá 1947, og lagt til, að veittar verði í því skyni kr. 16 146. Loks er lagt til, að veittar verði 26 230, sem styrkur til manna, sem á undanförunum árum hafa notið styrks úr ríkissjóði til að fást við dýralækningar.

24. Til kláðalækninga verður vart komizt af með minna en 5 000 kr.

25. Fjárskiptabætur og önnur útgjöld vegna sauðfjárveikivarna eru áætlaðar eftir tillögu sauðfjárskjúkdómanefndar. Hækka þessi gjöld um tæpar 1.5 millj. kr. frá nógildandi fjárlögum. Samkvæmt ákvörðun Alþingis verður þó nokkur hluti fjárskiptabótanna greiddur í skuldabréfum til 5 ára. (Samanber 20. gr. Inn.)

26. Nýr liður, tekinn upp samkvæmt ósk menntamálaráðuneytisins.

#### Um 16. gr. B.

1. Framlag til Fiskifélags Íslands hækkar um 168 000 kr., vegna launauppbóta, hækkandi verðlags á pappír og prentun o. fl.

2. Afborganir og vextir af skuldum skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda verða 12 500 kr. lægri en í nógildandi fjárlögum.

3. Hækkar um 10 469 kr. vegna hækkunar á tillagi.

4. Óumflýjanlegt mun vera að hækka þenna lið um 5 þús. kr. vegna aukins kostnaðar við reikningaskrifstofuna.

6. Hækkar sem nemur gengisbreytingunni.

7. Þessi liður er hækkaður um 50 000 kr. frá nógildandi fjárlögum.

8. Miðað er við sama útflutning og í nógildandi fjárlögum.

